

REGLUGERÐ

um hækkun fjárhæða (frítekjumarks) skv. 1. tl. 1. mgr.
19. gr. laga nr. 67/1971, um almannatryggingar.

1. gr.

Fjárhæð 1. tl. 1. mgr. 19. gr. laga nr. 67/1971, með síðari breytingum, skulu vera sem hér segir frá og með 1. júlí 1982.

Fjárhæðir annarra árstekna lífeyrisþega en lífeyris almannatrygginga (og tekna barna), sem ekki skerðir rétt til uppbótar á lífeyri (tekjutryggingar):

Einstaklingar	kr. 17 280,00
Hjón	— 24 190,00

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 79. gr. laga nr. 67/1971 um almannatryggingar, með síðari breytingum.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 1. júlí 1982.

Svavar Gestsson.

Páll Sigurðsson.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 394/1980 með síðari breytingum, um uppbót á elli- og örorkulífeyri og örorkustyrk vegna reksturs bifreiðar hreyfihamlaðra.

1. gr.

5. gr. orðist svo:

Uppbót skal miðast við 800 lítra af bensíni á ári.

Uppbótin greiðist ársfjórðungslega og miðast við bensínverð eins og það er í byrjun hvers ársfjórðungs. Þeir sem nota díselbíla eiga rétt á sömu upphæð.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkv. 1. gr. laga nr. 36/1980 um breytingar á lögum um almannatryggingar nr. 67/1971 með síðari breytingum.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 5. júlí 1982.

Svavar Gestsson.

Páll Sigurðsson.